

Reglur um styrki til starfsmanna í skólum Borgarbyggðar

Umsækjandi skal vera í starfi við leik-, grunn- eða tónlistarskóla Borgarbyggðar og hafa a.m.k. 2. ára starfsreynslu af starfi í viðkomandi starfsgrein. Umsókn um styrk skal berast fjölskyldusviði fyrir 1.júlí ár hvert. Umsögn yfirmanns stofnunar sem viðkomandi starfar hjá skal liggja fyrir. Fulltrúi fjölskyldusviðs fer yfir umsagnir og undirbýr fyrir fund byggðarráðs. Umsækjandi skal skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Byggðarráð afgreiðir umsóknir um styrki fyrir 1. ágúst ár hvert. Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt skólaár og því þarf að endurnýja umsókn árlega.

Starfsmenn sem stunda nám í framhaldsskólum.

Starfsmaður sem stundar nám á námsbraut framhaldsskóla á skólaliðabraut/skólaláunum heldur launum þann tíma sem hann sækir staðbundið nám. Ekki er hægt að njóta þessara kjara lengur en sem nemur átta námsönnum enda sé námsframvinda og árangur með eðlilegum hætti.

Starfsmenn sem stunda grunnnám í fjarnámi á háskólastigi til leikskóla-, grunnskóla-, íþrótt- eða tónlistarkennaraprófs samhliða starfi eða öðru námi sem fellur undir uppeldis og menntamál.

Starfsmaður heldur launum þann tíma sem hann sækir staðbundið nám. Sé starfs-/vettvangsnám stundað við skóla sem Borgarbyggð rekur fær starfsmaður greidd laun meðan á því stendur, en kjósi hann að stunda það annars staðar er það ekki launað.

Ekki er hægt að njóta þessara kjara lengur en sem nemur átta námsönnum enda sé námsframvinda og árangur með eðlilegum hætti (miðað er við að lágmarki 60 ECTS eininga nám). Að jafnaði skal miðað við að starfsmaður ljúki ekki færri en 10 ECTS einingum á hverri námsönn. Upplýsingum um námsframvindu hvernar annar skal komið til fjölskyldusviðs.

Starfsmenn sem stunda framhaldsnám í fjarnámi á háskólastigi samhliða starfi.

Kennari heldur launum þann tíma sem hann sækir staðbundið nám. Sé starfs-/vettvangsnám stundað við skóla sem Borgarbyggð rekur fær starfsmaður greidd laun meðan á því stendur, en kjósi hann að stunda það annars staðar er það ekki launað.

Ekki er hægt að njóta þessara kjara lengur en sem nemur átta námsönnum enda sé námsframvinda og árangur með eðlilegum hætti (miðað er við að lágmarki 60 eininga ECTS nám). Að jafnaði skal miðað við að starfsmaður ljúki ekki færri en 10 ECTS einingum á hverri námsönn. Upplýsingum um námsframvindu hvernar annar skal komið til fjölskyldusviðs.

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa hjá Borgarbyggð í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur.

Skólastjórnendur sem sækja framhaldsnám hafa sveigjanlegan vinnutíma en óskerta vinnuskyldu.

Reglurnar taka gildi frá 1. september 2015.

Samþykkt á fundi fræðslunefndar Borgarbyggðar 3. nóvember 2015

Staðfest á fundi byggðarráðs 26. nóvember 2015